

Kjósarhreppur
Sigurður H. Ólafsson
Félagsgarði
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 25. maí 2021
UST202105-128/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting - Deiliskipulag - Hvammur og Hvammsvík - Kjósarhreppur

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Kjósarhrepps er barst 12. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Hvamm og Hvammsvík í Kjósarhrepp.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að skilgreina 30 frístundalóðir á yfir um 20 ha svæði, auk þess eru gerðar minniháttar breytingar á gönguleiðum.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Í tillögunni á mynd 1. er sýnt lítt raskað votlendi sem er meira en 2. ha að stærð. Að mati Umhverfisstofnunar getur framkvæmdin raskað votlendinu.

Umhverfisstofnun bendir á að votlendið fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, gera grein fyrir þeim brýnu almannahagsmunum sem réttlæta röskunina og öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veða saman mikilvægi náttúruumínanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri

framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þar sem talað er almennt um hreinsun fráveituvatns, s.s. frá frístundasvæðum, ætti frekar að nota orðið fráveita í stað rotþróar þar sem rotþró er aðeins einn hluti hreinsunar. Þá ætti að tala um rotþró og siturlögn eða það sem betra er hreinsivirki sem nær yfir allan búnað til hreinsunar á skólpi.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst,



Björn Stefánsson
sérfræðingur